

Alþingi

Erindi nr. Þ 120 / 1881

komudagur 6/5 1996

Reykjavík, 3.5.1996.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
150 Reykjavík.

Varðar: Umsögn um fjögur frumvarp um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt.

Í fjórum bréfum yðar dagsettu 19. apríl 1996 er óskað umsagnar Verðbréfaþings Íslands um fjögur frumvörp um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt.

Vegna skamms fyrirvara hefur stjórn Verðbréfaþings Íslands ekki haft tækifæri til að fjalla um frumvörpin. Ég vil þó leyfa mér að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum af hálfu þingsins:

Mikilvægt er að jafna stöðu verðbréfa og annarra fjárfestingarforma, svo og fjárfesta og útgefenda, þannig að skattar eða undanþágur frá þeim raski ekki jafnvægi á markaði eða valdi skekkju í verðmyndun.

Verðið og markaðsvextir mótast af samspili margs konar áhættuþátta, s.s. fjárhags og framtíðarhorfa útgefenda, framboðs og eftirspurnar á markaði, tímalengdar fjármagnsbindingar o.fl. Að mati Verðbréfaþings er mikilvægt að skattlagning eða aðrar aðgerðir stjórnvalda komi ekki sumum til góða á kostnað annarra og því beri að huga að úrbótum á þeirri mismunun sem felst í eftirtöldum atriðum:

- Sum verðbréf bera stimpilgjald, önnur eru undanþegin því. Þessi skattur leggst þyngra á verðbréf eftir því sem tímalengd þeirra er styttri. Útgefendur sem undanþegnir eru slíkum skatti njóta í reynd lægri vaxtakjara á kostnað annarra útgefenda.
- Sum verðbréf eru eignarskattsskyld að fullu, önnur undanþegin að hluta eða öllu leyti. Útgefendur þeirra bréfa sem undanþegin eru slíkum skatti gætu notið lægri vaxtakjara á kostnað annarra útgefenda. Eigendur eignarskattsfrjálsra verðbréfa njóta betri ávöxtunar í reynd en eigendur sambærilegra skattlagðra bréfa.
- Tekjur af sumum verðbréfum hafa verið skattlagðar að hluta eða fullu og í sumum tilvikum tví- eða margskattaðar, en tekjur af öðrum verðbréfum undanþegnar með öllu. Á þessu er þó ætlunin að gera breytingar með þeim frumvörpum sem fram eru lögð, en eftir stendur tvísköttun arðs í sumum tilvikum.
- Tillögur um jöfnunarrétt eru framför frá núverandi reglum um jöfnunarhlutabréf. Enn verður þó við lýði mismunun sem leiðir af því að 10% þakið á frádrátt útgreidds arðs frá skattskyldum tekjum kemur misjafnlega niður á félögum eftir aðstæðum þeirra.

Virðingarfyllst,
f.h. Verðbréfaþings Íslands,



Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri.